
20.000 tonna landeldi Thors landeldis í Ölfusi

Álit um matsáætlun

1 Inngangur

Þann 22. júní 2023 barst Skipulagsstofnun matsáætlun Thors landeldis vegna 20.000 tonna landeldis á laxi, bleikju eða regnbogasilungi í Ölfusi samkvæmt 21. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, sbr. lið 10.19 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Sveitarfélagsins Ölfuss, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunar, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Landsnets, Matvælastofnunar, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Orkustofnunar, Umhverfisstofnunar, Veðurstofu Íslands og Veitna ohf. um matsáætlun Thors landeldis.

Matsáætlun var kynnt með auglýsingu í Morgunblaðinu 27. júní 2023 og Dagskránni Suðurlandi 29. júní 2023. Hún lá frammi til kynningar á skrifstofu Sveitarfélagsins Ölfuss, hjá Skipulagsstofnun og var einnig aðgengileg á Skipulagsgátt, www.skipulagsgatt.is. Kynningartími matsáætlunar var frá 27. júní 2023 til 1. ágúst 2023.

2 Gögn lögð fram

Matsáætlun framkvæmdaraðila: Landeldi á laxi, bleikju og regnbogasilungi í Ölfusi – 20.000 tonna eldi á ári. Matsáætlun. Efla verkfræðistofa og Thor landeldi ehf., 22. júní 2023.

Umsagnir um matsáætlun bárust frá:

- Sveitarfélaginu Ölfusi, 1. ágúst 2023
- Fiskistofu, 13. júlí 2023
- Hafrannsóknastofnun, 31. júlí 2023
- Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, 18. ágúst 2023
- Landsneti, 25. júlí 2023
- Matvælastofnun, 30. júní 2023
- Minjastofnun Íslands, 1. ágúst 2023
- Náttúrufræðistofnun Íslands, 27. júlí 2023
- Orkustofnun, 29. ágúst 2023
- Umhverfisstofnun, 31. ágúst 2023
- Veitum ohf., 28. júní 2023

Ekki barst umsögn frá Veðurstofu Íslands.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila þann 15. september 2023.



3 Framkvæmd

Í matsáætlun Thors landeldis ehf. eru kynnt áform fyrirtækisins um byggingu og rekstur landeldisstöðvar fyrir lax, bleikju og regnbogasilung með 20.000 tonna framleiðslugetu á ári og gerð grein fyrir hvernig fyrirtækið hyggst standa að mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

Áform Thors landeldis felast í uppbyggingu landeldis að Laxabraut 35-41, um 2,5 km vestan við Þorlákshöfn. Stefnt er að framleiðslu á 20.000 tonnum á ári í þauleldi á landi. Gert er ráð fyrir að framleiða lax í stöðinni en stöðin verður útbúin þeim möguleika að framleiða bleikju og regnbogasilung. Fjöldi bygginga fylgja eldisstöð af þessari stærðargráðu en umfangsmest eru eldisker. Auk þeirra þarf m.a. byggingar undir seiðaeldi, sláturhús, súrefnisframleiðslu, rafstöðvar, tækjabúnað og starfsmannaaðstöðu. Borað verður fyrir sjó og fersku vatni innan lóðar. Uppbygging fer fram í þremur áföngum. Áætluð vatnspörf stöðvarinnar við fullan rekstur er 15.000 l/sek af fullsöltu vatni (jarðsjó), 500 l/sek af ferskvatni og 10 l/sek af heitu vatni. Hámarkslífmassi í áframeldisstöð verður 13.000 tonn og hámarkslífmassi seiðaeldisstöðvar 135 tonn.

Um framkvæmdalýsingu vísast að öðru leyti til matsáætlunar Thors landeldis.

4 Álit Skipulagsstofnunar

Skipulagsstofnun hefur farið yfir framlagða matsáætlun framkvæmdaraðila ásamt umsögnum og viðbrögðum framkvæmdaraðila við þeim í samræmi við 21. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Samkvæmt 3. mgr. 21. gr. laga nr. 111/2021 skal álit Skipulagsstofnunar fela í sér leiðbeiningar til framkvæmdaraðila um vinnslu, efni og framsetningu umhverfismatsskýrslu. Álit Skipulagsstofnunar er bindandi fyrir framkvæmdaraðila og skal hann leggja það til grundvallar umhverfismatsskýrslu ásamt matsáætlun. Að öðru leyti er kveðið á um kröfur til umhverfismatsskýrslna í 22. gr. laga nr. 111/2021 og 15. gr. reglugerðar um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 1381/2021.

Að neðan er gerð grein fyrir atriðum sem fjalla þarf um í umhverfismatsskýrslu umfram það sem tilgreint er í matsáætlun framkvæmdaraðila eða leiðir beint af kröfum í 21. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana og reglugerðar á grundvelli þeirra.

Grunnvatn

Í matsáætlun Thors landeldis kemur fram að stuðst verði við fyrirbyggjandi gögn við mat á áhrifum vatnstökunnar á grunnvatn. Einnig verði framkvæmdar tilraunadælingar þar sem vatni verði dælt úr grunnvatnskerfinu í nokkrum fösum. Niðurstöður þessara dælinga verði nýttar til að varpa ljósi á viðbrögð grunnvatns- og jarðsjávarstrauma við dælingu stöðvarinnar. Áhersla verði lögð á að meta samlegðaráhrif milli fyrirhugaðrar vatnstöku Thors landeldis og annarra aðila sem stunda vatnstöku í nágrenni framkvæmdarsvæðisins.

Í umsögn Orkustofnunar kemur fram að stofnunin hafi lýst yfir áhyggjum af hratt vaxandi ásókn í Selvogsstraum og hafi m.a. í umsögnum við umhverfismat og í ábendingum til umsækjenda á sama svæði vakið athygli á þeirri óvissu sem falin sé í túlkun á því almenna mati að Selvogsstraumur flytji 30-33 m³/s til sjávar og að grunnvatnið dreifist jafnt um hraunin milli Herdísarvíkur og Þorlákshafnar. Enn skorti mikið á mælingar á magni og dreifingu fersks grunnvatns og rannsóknir á hugsanlegum viðbrögðum hins viðkvæma jafnvægis milli fersks og salts grunnvatns á svæðinu. Því hvetji stofnunin framkvæmdaraðila að kanna ítarlega vatnsöflunarmöguleika, þ.á.m. að huga að áformuðum staðsetningum borhola út frá þessum rannsóknum og niðurstöðum þeirra með hliðsjón af aðstreymi grunnvatns og áhrifa á grunnvatnsgeyminn. Bendir stofnunin í því efni á að valkostagreining umhverfismats eigi ekki einungis við um staðsetningu og stærð eldisstöðvarinnar heldur taki einnig til tækni og tilhögun þeirrar framkvæmdar sem er til mats, en eins og tilgreint er



Í matsáætlun byggir matsskylda ekki síst á upptöku og nýtingu grunnvatns. Orkuskiptingun vísar sömuleiðis til þess að skv. 28. gr. laga um stjórn vatnamála, nr. 36/2011, beri við leyfisveitingar að tryggja að leyfið sé í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram komi í vatnaáætlun 2022-2027. Gerð sé bæði krafa um að grunnvatnshlot uppfylli viðmið um góða magnstöðu og gott efnafræðilegt ástand. Telji stofnunin nauðsynlegt að þessi þáttur verði kannaður sérstaklega í matinu.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að framkvæmdarsvæðið sé innan vatnshlotanna Selvogsstraums 3 og Ölfusstraums 3. Umhverfismarkmið þessara grunnvatnshlota sé að að hafa góða magnstöðu og gott efnafræðilegt ástand. Mikilvægt sé að vakta grunnvatnshlotin og samlegðaráhrif áformaðrar starfsemi og sýna fram á að nýting sé sjálfbær. Bendir stofnunin á að finna megi gæðþætti sem vakta á í reglugerð nr. 535/2011. Óskar stofnunin eftir því að ítarlega verði gerð grein fyrir áhrifum hvers áfanga á grunnvatnshlot og mögulegum mótvægisaðgerðum.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar er bent á mikilvægi þess að tilraunadælingar verði framkvæmdar þannig að þær verði samanburðarhæfar við fyrirliggjandi gögn svo hægt verði að skoða samlegðaráhrif fiskeldisins og annarra fyrirtækja innan svæðisins. Telur stofnunin mikilvægt að fyrir liggja vöktunaráætlun til að fylgjast með grunnvatnsstöðu, sem og skilgreindar mótvægisaðgerðir til að draga úr mögulegum neikvæðum áhrifum.

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Suðurlands kemur fram að embættið telji vinnslu og öryggi neysluvatns til íbúa á nærliggjandi svæðum ógnað þegar horft er til samlegðaráhrifa vegna ferskvatnsvinnslu fiskeldisfyrirtækja á svæðinu. Beinir embættið því til framkvæmdaraðila að hann beiti öllum tiltækum ráðum til að takmarka eins og kostur er þörf á vinnslu ferskvatns og hámarka endurnýtingu eldisvatns í vinnsluferlum sínum. Embættið telji að vinnsla ferskvatns og vöktun grunnvatns vegna samlegðaráhrifa framkvæmda á svæðinu í heild verði að vera á ábyrgð allra fyrirtækjanna í sameiningu, vöktunin sé víðtæk og hefjist þegar á fyrstu stigum framkvæmda.

Í svörum Thors landeldis kemur fram að framkvæmdaraðili hafi endurskoðað aðferðafræði mats á áhrifum vatnstökunnar á grunnvatn. Fallið hafi verið frá áformum um tilraunadælingar þar sem í ljós hafi komið að þær séu ekki eins hentugar og talið var. Þess í stað horfi framkvæmdaraðili nú til þeirra þátta sem einna helst vanti í jarðfræði- og vatnafarsupplýsingar á svæðinu og styðji sem best við uppfærslu á vatnafarslíkani og spár um viðbrögð grunnvatnskerfisins við fyrirhugaðri vinnslu. Er þar sérstaklega horft til nýlegra greininga á svæðinu, þ.m.t. á vegum GeoSalmo og Landeldis tengt umhverfismati og rannsóknnum, og líkangreininga Vatnaskila. Framkvæmdaraðili muni því bora nýja djúpa rannsóknarholu nálægt norðurjaðri lóðar, svo greina megi jarðlög og mæla prófíl af hitastigi og rafleiðni eftir öllu dýpi holunnar. Jafnframt muni fara fram siritun á vatnsborði í holunni sem og á hitastigi og rafleiðni á völdu dýpi í henni. Sams konar mælingar muni fara fram í fyrirliggjandi holu FR-01, sem er sunnarlega á lóðinni. Söfnun gagnanna mun síðan leiða af sér greiningar þeirra og uppfærslu á fyrirliggjandi grunnvatnslíkani Vatnaskila. Líkaninu verður í kjölfarið beitt til þess að meta áhrif dælingar á grunnvatn, líkt og gert var í umhverfismati fyrir GeoSalmo og Landeldi. Gerð verður m.a. grein fyrir áhrifum framkvæmdar á seltu grunnvatns og grunnvatnsstöðu við lóð Thors Landeldis sem og í nágrenni Þorlákshafnar. Við líkanreikninga verður bæði tekið tillit til rennslis ferskvatns frá landi til sjávar og rennslis jarðsjávar frá sjó inn undir land. Mælingar, gagnasöfnun, líkanvinna og skýrslugerð verður unnin af Mannviti og Vatnaskilum og munu niðurstöður því verða samanburðarhæfar við niðurstöður nýlegra umhverfismatsskýrslna fyrir vatnsvinnslu á nærliggjandi lóðum. Gefi rannsóknir til kynna líkur á því að vatnstaka geti haft áhrif á öryggi neysluvatns fyrir íbúa Ölfuss, verði fjallað um það í umhverfismatsskýrslu. Einnig verði tekið tillit til laga um stjórn vatnamála og fjallað um möguleg áhrif vatnstöku á umhverfismarkmið vatnshlotanna, áhrif metin með tilliti til áfangaskiptingar framkvæmdarinnar og mótvægisaðgerðir lagðar fram.



Í ljósi þess hve umfangsmikla vatnstöku fyrirhuguð starfsemi felur í sér, auk þess sem mikil ásókn er í grunnvatnsvinnslu á svæðinu, telur Skipulagsstofnun afar brýnt að mat á áhrifum grunnvatnsvinnslu verði ítarlegt og unnið verði rennislíkan til að meta áhrif fyrirhugaðar vatnstöku á grunnvatn. Umhverfismatið þarf að taka mið af framangreindum umsögnum og Vatnaáætlun 2022-2027.

- Vinna þarf grunnvatnslíkan vegna grunnvatnsvinnslu framkvæmdarinnar. Þar þarf að meta hvaða áhrif vatnstakan kann að hafa á seltu, niðurdrátt og aðrennsli í nágrenni framkvæmdarinnar, bæði í meðalári sem og þegar grunnvatnsstaða er bág. Bendir stofnunin á að við mat á áhrifum þarf að taka tillit til hámarksvinnslu sem og meðalvinnslu. Jafnframt þarf mat á áhrifum á grunnvatn að svara því hvort og þá hvernig vatnstaka Thors landeldis takmarkar vatnsvinnslu annarra notenda á svæðinu. Einnig þarf að meta vatnsgæfni fersks grunnvatns á lóð framkvæmdaraðila og áhrif af nýtingu fyrirhugaðs magns á jafnvægið milli ferska grunnvatnsins og jarðsjávar. Þar sem um mjög mikla vatnstöku er að ræða og fyrirbyggjandi upplýsingar um vatnafar svæðisins eru takmarkaðar telur Skipulagsstofnun nauðsynlegt að lagt sé mat á áhrif mismunandi áfanga uppbyggingar og grunnvatnsvinnslu í umhverfismatskýrslu.
- Í samræmi við umsögn Umhverfisstofnunar þarf í umhverfismatskýrslu að lýsa grunnástandi vatnshlota á áhrifasvæði framkvæmdarinnar m.t.t. gæðapátta reglugerðar nr. 535/2011, og meta áhrif framkvæmdarinnar og samlegðaráhrif með öðrum framkvæmdum á vatnshlotin, þ.m.t. hvort umhverfismarkmið vatnshlotanna náist, ástand vatnshlotanna rýrni og nýtingin verði sjálfbær auk þess að gera grein fyrir vöktun og mögulegum mótvægisáðgerðum.
- Í umhverfismatskýrslu þarf jafnframt að greina frá samlegðaráhrifum með núverandi og áformuðum fyrirtækjum sem gera ráð fyrir grunnvatnsvinnslu. Við mat á samlegðaráhrifum þarf að horfa til sömu þátta og fjallað var um hér að ofan.

Líkt og í öðrum sambærilegum verkefnum gerir Skipulagsstofnun ráð fyrir að afla sérfræðiálits um grunnvatn samhliða undirbúningi álits um umhverfismat framkvæmdarinnar, sbr. 19. gr. reglugerðar um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 1381/2021.

Viðtaki fráveitu

Í matsáætlun Thors landeldis kemur fram að öllu frárennsli frá eldinu verði veitt til sjávar. Áður en eldisvökvinn fer í sjóinn fer hann í gegnum tromlufiltera sem sía og endurheimta föst efni úr eldisvökvanum. Einsýnt þyki vegna sjógangs á svæðinu að sækja þurfi um undanþágu frá ákvæðum reglugerðar nr. 798/1999 um að veita skuli skólpi 5 m niður fyrir meðalstórstraumsfjöruborð eða 20 metra út frá meðalstórstraumsfjörumörkum. Í umhverfismatskýrslu verði metin áhrif á viðtaka. Greint verði frá magni og efnisinnihaldi afrennslis og líkan unnið til að áætla þynningarsvæði fráveitunnar. Lagðar verða fram mótvægisáðgerðir, ef þörf er á, auk þess sem gerð verður grein fyrir nauðsynlegri vöktun. Einnig verði samlegðaráhrif með öðru fiskeldi og iðnaðarsvæði metin sem og heildaráhrif á vatnsgæði og lífríki viðtaka.

Í umsögn Umhverfisstofnunar er bent á að starfsemin mun losa í vatnshlotið Stokkseyri að Þorlákshöfn. Samkvæmt lögum um stjórn vatnamála eigi vatnshlot að ná umhverfismarkmiðum um að minnsta kosti gott vistfræðilegt ástand og gott efnafræðilegt ástand, en ástand vatnshlotsins hefur ekki verið metið. Gæðapættir sem notaðir eru til að meta ástand strandsjávarhlota eru nítrat, fosfat, blaðgræna a, hryggleysingar og þörungur á hörðum botni (sjá skýrslu Hafrannsóknarstofnunar *Vistfræðileg viðmið við ástandsflokkun strandsjávar*). Vöktun þarf að vera í samræmi við lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, vakta þarf gæðapætti í strandsjávarhlotinu og skila gögnum til Umhverfisstofnunar. Nálíga má upplýsingar um vöktun vatnshlota á heimasíðu stjórnar vatnamála. Í umsögn Hafrannsóknarstofnunar er einnig bent á mikilvægt þess að ljóst sé hver áhrifin verði á vatnsauðlindir og að fram komi mat á því hver áhrifin verði m.a. á



vatnsformfræði þ.m.t. grunnvatn og líffræðilegt ástand eftir framkvæmdir. Hvort líklegt sé að framkvæmdin hafi áhrif á skiptingu í vatnshlot, og hvort þau nái viðmiðum um gott ástand. Bendir stofnunin í því samhengi á að á nærliggjandi svæðum í sjó eru afar mikilvæg hrygningar- og uppeldisskilyrði nytjastofna og því mikilvægt að fyrir liggi gögn sem sýni að þeir verði ekki fyrir neikvæðum eða mögulega neikvæðum áhrifum. Það eigi einnig við um stofna göngufiska sem ganga milli sjávar og ferskvatns. Í umsögn Sveitarfélagsins Ölfuss er bent á að fjalla þurfi nánar um hvernig eftirlit verði haft með virkni hreinsibúnaðar útrásar, m.a. með sýnatöku í frárennsli, og minnt á mikilvægi þess að útrásir til sjávar hefti ekki gönguleiðir laxfiska meðfram ströndinni.

Í svörum Thors landeldis kemur fram að fjallað verði um vöktun í umhverfismatsskýrslu og tekið mið af upplýsingum sem fram koma í umsögn Umhverfisstofnunar við frekari áætlanagerð fyrir vöktun viðtaka. Einnig verði fjallað um það hvort framkvæmdirnar séu taldar hafa áhrif á það hvort umhverfismarkmið vatnshlots 103- 1341-C náist. Jafnframt verði fjallað um eftirlit með virkni hreinsibúnaðar og sýnatöku í frárennsli, mögulegar mótvægisáðgerðir til þess að halda gönguleiðum opnum, ef til þess kæmi að núverandi gönguleiðir meðfram ströndinni skerðist.

Skipulagsstofnun tekur undir framkomnar umsagnir og telur ástæðu til að tekið verði fullt tillit til þeirra í umhverfismatsskýrslu, enda um að ræða stóra eldisstöð með mikið frárennsli sem getur, ásamt öðrum sambærilegum framkvæmdum á svæðinu, haft áhrif á viðtakann og lífríkið í honum.

- Í umhverfismatsskýrslu þarf að lýsa grunnástandi vatnshlotsins Stokkseyri að Þorlákshöfn m.t.t. gæðapátta sem notaðir eru til að meta ástand strandsjávarhlota, þ.e. nitrats, fosfats, blaðgrænu a, hryggleysingja og þörungna á hörðum botni, og meta áhrif framkvæmdarinnar og samlegðaráhrif með öðrum framkvæmdum á svæðinu á vatnshlotið, þ.m.t. hvort umhverfismarkmið vatnshlotsins náist auk þess að gera grein fyrir vöktun og mögulegum mótvægisáðgerðum. Jafnframt þarf að gera grein fyrir tilhögun frárennslis í viðtakann og heildarfrárennsli m.t.t. vatnsmagns og persónueininga.
- Í ljósi vaxandi umfangs eldisstarfssemi á svæðinu telur Skipulagsstofnun brýnt að umfjöllun um samlegðaráhrif í umhverfismatsskýrslu taki til næringarefnalosunar og mögulegrar losunar hreinsiefna, lyfja- og efnanotkunar.

Valkostir

Samkvæmt matsáætlun Thors landeldis verður ekki lagt mat á umhverfisáhrif annarra valkosta en aðalvalkosta með 20.000 tonna framleiðslugetu. Einnig kemur fram að framkvæmdaraðili hyggst byggja stöðina í þremur áföngum og að í umhverfismatsskýrslu verði mismunandi áfangar bornir saman fyrir umhverfisþætti sem við á. Í umhverfismatsskýrslu er greint frá því að framkvæmdaraðili hafi kynnt sér þann valkost að notast við RAS-kerfi bæði fyrir saltvatn og ferskvatn en að framkvæmdaraðili telji slík kerfi of kostnaðarsöm auk þess sem þeim fylgi minna rekstraröryggi.

Í umsögn Umhverfisstofnunar er bent á að einungis sé áformað að bera saman aðalvalkost, 20.000 tonna eldi í þremur áföngum, við núllkost. Ekki verði lagt mat á aðra valkosti, hvorki sem snúa að staðsetningu, framleiðslugetu, tækni eða öðrum möguleikum í áfangaskiptingu, þar sem rekstraraðili telur alla aðra kosti en þann sem lagður er fram sem aðalvalkostur óraunhæfa. Telur stofnunin, með vísan í 22. gr. laga nr. 111/2021, að ekki sé gerð nægjanlega grein fyrir því af hverju aðrir valkostir en aðalvalkostur séu óraunhæfir og hví rekstraraðili ætli sér ekki að fjalla um þá í umhverfismatsskýrslu. Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Suðurlands er bent á að fjalla mætti um tæknilega möguleika til að nýta vatn sem best. Þá hvetur Orkuskiptingun framkvæmdaraðila að kanna ítarlega vatnsöflunarmöguleika, þ.á.m. að huga að áformuðum staðsetningum borhola út frá rannsóknnum og niðurstöðum þeirra með hliðsjón af aðstreymi grunnvatns og áhrifa á grunnvatnsgeyminn.

Í svörum Thors landeldis kemur fram að hann telji umfjöllun um valkosti í matsáætlun skýra og í samræmi við lögina. Bendir hann á að áhrif mismunandi áfanga framkvæmdar verði borin saman.



Samanburður umhverfisáhrifa á mismunandi áföngum framkvæmdarinnar muni varpa ljósi á umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eftir umfangi. Það muni gera framkvæmdaraðila og leyfisveitendum kleyft að bregðast við hugsanlegum umhverfisáhrifum með mótvægisáðgerðum eða aukinni vöktun, gefi rannsóknir upplýsingar um aukin umhverfisáhrif milli áfanga. Við uppbyggingu og rekstur fiskeldisins verði leitað leiða til að hafa endurnýtingarhlutfall stöðvarinnar með sem bestu móti, en á sama tíma með hagkvæmum hætti fyrir framkvæmdaraðila.

Skipulagsstofnun minnir á að við mat á umhverfisáhrifum skal gera grein fyrir raunhæfum valkostum sem framkvæmdaraðili hefur kannað og bera þá saman með tilliti til umhverfisáhrifa. Samanburður valkosta er mikilvægur liður í mati á umhverfisáhrifum til að draga eins og kostur er úr neikvæðum umhverfisáhrifum framkvæmdar. Skipulagsstofnun telur mikilvægt að umhverfismat fyrirhugaðrar framkvæmdar verði nýtt til að bera saman umhverfisáhrif þeirra valkosta sem til greina koma.

- Í umhverfismatskýrslu þarf að bera saman mismunandi áfanga framkvæmdar. Þannig verður unnt að leggja mat á reynsluna áður en framleiðslan fer í full afköst.
- Í umhverfismatskýrslu þarf að vera lýsing og mat á þeim valkostum sem framkvæmdaraðili hefur kannað varðandi notkun RAS-kerfa og endurnýtingu vatns og upplýsingar um helstu ástæður fyrir þeim valkosti sem var valinn með tilliti til umhverfisáhrifa framkvæmdarinnar.

Slyasleppingar og erfðablöndun

Samkvæmt matsáætlun Thors landeldis er gert ráð fyrir framleiðslu á laxi. Fram kemur að stálríst verði í eldiskörum sem fyrsta vörn gegn slyasleppingum og síðan fari allt affall í gegnum tromlusíur og grófleiki tromlusíu sé það lítilt að enginn fiskur í eldisstöðinni eigi að komast þar í gegn. Aðferðin sé viðurkennd af Matvælastofnun.

Í umsögn Sveitarfélagsins Ölfuss er bent á að frárennsli stöðvarinnar sé stutt frá ósum Ölfusár og þar fari um þúsundir laxfiska á hverju ári. Því sé mikilvægt að ristar og sleppigildrur séu ávallt í lagi til að koma í veg fyrir blöndun eldisfiska við villtan fisk. Matvælastofnun bendir einnig á að gera þurfi grein fyrir því í matskýrslu hvernig brugðist verði við fari tromlusían á yfirfall og hvernig hún geti þá gegnt hlutverki sínu sem seinni vörn gegn stroki.

Í svörum Thors landeldis kemur fram að framkvæmdin verði í samræmi við kröfur MAST um fiskigildrur og viðbrögð við mögulegum slyasleppingum. Í umhverfismatskýrslu verði nánari umfjöllun um hvernig brugðist verður við ef tromlusíur fari á yfirfall. Tekið verði tillit til nýjustu tækni í hönnun á affallstækni fyrir fiskeldisstöðvar.

Skipulagsstofnun bendir á að samkvæmt nýlegri samantekt á slyasleppingum á laxi og regnbogasilungi úr eldi í Noregi tímabilið 2010–2018 voru skráð 17 tilvik slyasleppinga úr landeldi¹. Hættan er því vissulega til staðar þó hún kunni að vera minni en í sjókvíaeldi.

- Skipulagsstofnun telur mikilvægt að í umhverfismatskýrslu sé ítarlega fjallað um varnir gegn slyasleppingum og hvernig framkvæmdaraðili hyggst tryggja að þær séu ávallt virkar. Jafnframt telur Skipulagsstofnun ástæðu til að fjallað sé um möguleg áhrif slyasleppinga á villta laxastofna m.t.t. erfðablöndunar og samlegðaráhrif með öðru áformuðu landeldi á svæðinu með hliðsjón af reynslu af landeldi í Noregi.

¹ Causal analysis of escape of Atlantic salmon and rainbow trout from Norwegian fish farms during 2010–2018. Slóðin er: <https://www.sciencedirect.com/science/article/pii/S0044848620315684>



Sjónræn áhrif

Í matsáætlun Thors landeldis kemur fram að gerð verði grein fyrir sjónrænum áhrifum á myndrænan hátt með líkanmyndum eða einföldum skýringarmyndum. Myndir verði teknar frá svæðum sem talin séu vera viðkvæm m.t.t. áhrifa á ásjón, t.d. frá Suðustrandarvegi úr vestri og norðri og frá Þorlákshöfn.

Skipulagsstofnun bendir á að mikið byggingarmagn fylgir eldisstöð af þeirri stærðargráðu sem hér um ræðir og mörg önnur stór byggingaráform eru uppi á litlu svæði nálægt þéttbýlinu í Þorlákshöfn. Telur Skipulagsstofnun ástæðu til að fjallað sé um samlegðaráhrif ásjóndar með öðrum áformuðum framkvæmdum á svæðinu, s.s. með líkanmyndum.

Umfang framkvæmdar, samlegðaráhrif og vöktun

Í matsáætlun Thors landeldis kemur fram að í umhverfismati verði leitast við að meta samlegðaráhrif framkvæmdarinnar með öðrum framkvæmdum á svæðinu þar sem það eigi við.

Skipulagsstofnun bendir á að áform Thors landeldis felast í umfangsmiklu þaueldi á fiski sem fylgir mikið magn bygginga, mikil vatnstaka og mikil losun vatns og næringarefna í sjó. Um er að ræða þriðju landeldisáformin á litlu svæði við Þorlákshöfn með yfir 20.000 tonna framleiðslu. Þessi áform eru án fordæma og engin reynsla er komin á rekstur landeldisstöðva af þessari stærðargráðu héraðs. Ef öll áform um fiskeldi við Þorlákshöfn verða að veruleika má gera ráð fyrir að um 65.000 l/s af söltum jarðsjó og yfir 3.000 l/s af fersku vatni renni í fiskeldi á svæðinu. Til að setja þessar tölur í samhengi má benda á að leyfi Vatnsveitu Kópavogs og Orkuveitu Reykjavíkur til grunnvatnsvinnslu í Vatnsendakrikum í Heiðmörk er samtals 650 l/s að jafnaði yfir árið. Þá hefur komið fram í álitum Skipulagsstofnunar um umhverfismat sambærilegra framkvæmda á svæðinu að óvissa ríki um áhrif vatnstöku á grunnvatn á svæðinu. Hefur Skipulagsstofnun í álitum sínum um umhverfismat m.a. talið nauðsynlegt að tekin verði upp sameiginleg vöktun allra fyrirtækja sem starfa á svæðinu vestan Þorlákshafnar, bæði á grunnvatni sem og strandsjó og lífríki við ströndina. Telur stofnunin ástæðu til að vekja athygli Thors landeldis á því að vatnsnotendur og hagaðilar við Þorlákshöfn hafa náð samkomulagi um sameiginlega vöktun á svæðinu til að vakta áhrif á grunnvatn og tryggja sjálfbæra nýtingu grunnvatns.

- Skipulagsstofnun telur nauðsynlegt að öll umfjöllun Thors landeldis í umhverfismatskýrslu taki mið af umfangi framkvæmdarinnar og þeirri óvissu sem ríkir um áhrif á grunnvatn. Gera þarf samlegðaráhrifum sérstaklega ítarleg skil og leggja fram vöktunaráætlun sem er til þess fallin að tryggja að nýting allra aðila á auðlindum svæðisins sé sjálfbær. Á það sérstaklega við um grunnvatn, en einnig viðtaka fráveitu hvað varðar gæði strandsjávar og lífríki. Telur Skipulagsstofnun æskilegt að vöktunaráætlun sé unnin í samráði við aðra eldisaðila á svæðinu.

Reykjavík, 13. október 2023

Jón Ágúst Jónsson

Egill Þórarinnsson

